

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 31. maí 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-20/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. mars sl. bað X, hér eftir nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðgerðar á tölvu sem hún keypti af Y, hér eftir nefnt seljandi, þann 4. ágúst 2010. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi geri við tölvuna sér að kostnaðarlausu og afhendi hana í kjölfarið.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréf, dags. 20. mars sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum. Engin andsvör bárust.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í pöntunarstaðfestingu sem fylgdi með álitsbeiðni kemur fram að þann 4. ágúst 2010 hafi álitsbeiðandi keypt fartölvu í vefverslun seljanda. Var tölvan af gerðinni Samsung NJP-R530/JA03 og kostaði kr. 79.995. Í álitsbeiðni segir síðan m.a. eftirfarandi:

„Ég keypti [fartölvuna] í vefverslun en fékk vitlausa vöru til mín út á land þar sem ég bjó um tíma. Ég hringdi strax og lét vita af þessu en þeir hjá Y samþykktu að þetta væru þeirra mistök og ég fengi að halda tölvunni sem ég fékk senda. Þetta hafa þeir gleymt að skrá hjá sér þar sem að nú neita þér mér um viðgerð í ábyrgð þar sem ekki er skráð ábyrgðarskírteini á vélina sem ég er með. Tölvan er þó núna staðsett á verkstæði Y sem neita að leysa hana út nema að „botninum verði náð í þessu máli“. Ég vil að gert verði við tölvuna og hún höfð í ábyrgð þar sem augljóst er að þetta eru mistök af hálfu Y en ekki mín.“

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Fram kemur að álitsbeiðandi keypti fartölvu í gegnum vefverslun seljanda þann 4. ágúst 2010. Vegna mistaka fékk álitsbeiðandi afhenta aðra og mun dýrari tölvu en hún pantaði. Þau mistök tilkynnti álitsbeiðandi seljanda og mun seljandi hafa afráðið að þar sem mistökin væru þeirra, héldi álitsbeiðandi þeirri tölvu sem send var, þrátt fyrir verðmuninn.

Er það álit kæruneftndarinnar að við þetta hafi réttindi álitsbeiðanda gagnvart seljanda ekki átt að skerðast að nokkru leyti. Samkvæmt því sem fram kemur í skilmálum seljanda, en vefslóð með skilmálum má finna á pöntunarstaðfestingu þeirri sem framvísað hefur verið í málinu, veitir seljandi tveggja ára ábyrgð á söluvörum. Telur kæruneftndin að sú ábyrgð gildi

um þá fartölvu sem álitsbeiðandi fékk afhenta í ágústmánuði 2010 og beri því seljanda að gera við umþrætta fartölvu, álitsbeiðanda að kostnaðarlausu.

V

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að gera við tölvu álitsbeiðanda X, henni að kostnaðarlausu.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir